# Matsblað fyrir vettvangsathugun á félagsmiðstöð

| Félagsmiðstöð: | Húsnæði: |
|---|---|
| Dagsetning og tímasetning vettvangsathugana: | Matsmaður: |

| | |
|---|---|
| **1.Stjórnun:**<br><br>Forstöðumaður sem leiðtogi.<br>Verklagsreglur og áætlanir. | • Stefna félagsmiðstöðvarinnar/frístundamiðstöðvarinnar birtist í starfsháttum.<br>• Starfsfólk vinnur út frá aðgerðaráætlun.<br>• Rýmingaráætlun er sýnileg. |
| **Athugasemdir:** | |
| **2. Frístundastarf – félagsmiðstöð:**<br><br>Skipulag starfs og starfsaðstæður | • Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.<br>• Leitast er við að tryggja öryggi barna og unglinga í félagsmiðstöðinni og í nánasta umhverfi hennar.<br>• Aðgengi að húsnæðinu og inna veggja þess er með þeim hætti að allir geti nýtt sér starfsemina án vandkvæða (s.s. fatlaðir).<br>• Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sjá gátlista).<br>• Efniviður og búnaður er yfirfarinn reglulega og endurnýjaður eftir þörfum (sjá gátlista). |
| **Athugasemdir:** | |
| **2. Frístundastarf – félagsmiðstöð:**<br><br>Uppeldi og menntun | • Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd barna og unglinga.<br>• Lögð er áhersla á að efla umhyggju barna og unglinga.<br>• Lögð er áhersla á að efla félagsfærni barna og unglinga.<br>• Lögð er áhersla á að efla virkni og þátttöku barna og unglinga.<br>• Börn og unglingar fá tækifæri til að koma fram, tjá sig og koma verkefnum sínum á framfæri (s.s. í gegnum dans, söng, frásagnir, stjórnun viðburða, myndir, upptökur o.fl.). |

| | |
|---|---|
| | • Nærumhverfi er reglulega nýtt til útilífs[1] og útináms.<br><br>• Starfsfólk ræðir um gildi og viðhorf við börn/unglinga í daglegu starfi.<br><br>• Leitast er við að efla vitund barna og unglinga um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og náttúru (s.s. með flokkun á rusli, hreinsun á umhverfi og þátttöku í samfélagsverkefnum)<br><br>• Verkefni sem stuðla að sköpun eru í boði fyrir börnin.<br><br>• Börn og unglingar fá tækifæri til að njóta menningar og lista.<br><br>• Börn og unglingar eru hvött til að gera hvers kyns hreyfingu að daglegum þætti í lífinu og fá tækifæri til þess í starfinu.<br><br>• Börn og unglingar eru hvött til að tileinka sér heilnæmt mataræði.<br><br>• Börn og unglingar eru markvisst hvött til að tileinka sér lífsstíl án vímuefna.<br><br>• Leitast er við að hafa jákvæð áhrif á börn og unglinga varðandi hreinlæti og hvíld.<br><br>• Börn og unglingar eru frædd um ávinning tómstundaiðkunar.<br><br>• Leitast er við að hafa jákvæð áhrif á umgengni barna og unglinga. |
| | |
| **2. Frístundastarf – félagsmiðstöð:**<br><br>Starfshættir og viðfangsefni | • Börn og unglingar hafa val um viðfangsefni.<br><br>• Viðfangsefni eru fjölbreytt og hæfilega ögrandi.<br><br>• Viðfangsefni taka mið af áhuga og styrkleikum barna og unglinga.<br><br>• Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í umræðum, verkefnum og leik barna og unglinga þegar það á við.<br><br>• Starfsfólk er vakandi fyrir því sem brennur á börnum og unglingum á hverjum tíma og/eða er ofarlega á baugi í samfélaginu og skapar farveg fyrir umræður.<br><br>• Starfsfólk hvetur til sjálfsprottinna námstækifæra og er vakandi fyrir þeim. |

[1] Útilíf er dvöl og líkamleg virkni utandyra í frítímanum með það að markmiði að komast í nýtt umhverfi og upplifa náttúruna.

| | |
|---|---|
| | • Boðið er upp á opið starf og hópastarf.<br><br>• Boðið er upp á fræðslu (s.s. í smiðjum, fyrirlestrum o.s.frv.).<br><br>• Viðburðir eru haldnir reglulega (s.s. ferðir, sýningar. keppnir, dansleikir, þemakvöld og, heimsóknir). |
| | |
| **2. Frístundastarf – félagsmiðstöð:**<br><br>Virk þátttaka og lýðræði | • Aðferðir til að efla barna- og unglingalýðræði eru nýttar í starfinu, s.s. með hugmyndakössum, skipulögðum fundum og ráðum þar sem börn og unglingar eru virkir þátttakendur í umræðum og hugmyndavinnu.<br><br>• Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna og unglinga.<br><br>• Börn og unglingar hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.<br><br>• Börn og unglingar fá stuðning við að koma eigin hugmyndum í framkvæmd.<br><br>• Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar stöðu, veikinda eða áfalla.<br><br>• Börn og unglingar fá aukna ábyrgð í starfi félagsmiðstöðvarinnar í samræmi við aldur og þroska.<br><br>• Unglingar og börn taka ábyrgð á einstaka verkefnum í félagsmiðstöðinni, s.s. að skipuleggja og framkvæma viðburði fyrir sjálfa sig og aðra. |
| | |
| **2. Frístundastarf – félagsmiðstöð:**<br><br>Mannréttindi og margbreytileiki | • Unnið er markvisst að jafnrétti (í víðum skilningi) og það endurspeglast í starfinu.<br><br>• Unnið er markvisst með fjölmenningu og margbreytileika og það endurspeglast í starfinu.<br><br>• Hugað er að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu til þátttöku og forystu.<br><br>• Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar tekur með af ólíkum þörfum einstaklinga. |

| | |
|---|---|
| | |
| **3. Mannauður:**<br><br>Fagmennska starfsfólks | • Starfsfólk er skapandi og nýtir áhugasvið sín, þekkingu og hæfileika í starfi.<br>• Viðhorf starfsfólks til viðfangsefna eru lausnamiðuð.<br>• Starfsfólk notar jákvæð samskipti og virka hlustun í samskiptum við börnin.<br>• Starfsemin endurspeglar gott samstarf og samábyrgð starfsfólks.<br>• Starfsfólkið er virkt í starfi með börnum/unglingum. |
| | |
| **4. Staðarbragur:**<br><br>Viðmót og menning | • Markvisst er unnið eftir gildum félagsmiðstöðvarinnar og/eða frístundamiðstöðvarinnar.<br>• Andrúmsloftið einkennist af jákvæðni og virðingu.<br>• Börnum og unglingum er heilsað við komu og þau kvödd við brottför.<br>• Starfsfólk gefur sig að foreldrum og öðrum gestum sem koma og sýnir þjónustulund.<br>• Starfsfólk og börn/unglingar leiðbeina, hvetja og styðja hvert annað.<br>• Virðing er borin fyrir einstaklingnum og tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða.<br>• Það sést í vinnu og viðhorfum starfsfólks að það hefur trú á getu og hæfni barna og unglinga.<br>• Í starfinu er unnið út frá styrkleikum hvers og eins. |
| | |

| | |
|---|---|
| | |
| **4. Staðarbragur:**<br><br>Velferð og líðan barna | • Börnunum/unglingunum líður vel í félagsmiðstöðinni.<br><br>• Milli þátttakenda í starfinu ríkir gagnkvæm virðing og samkennd.<br><br>• Börnunum/unglingunum er leiðbeint um heilsueflandi þætti (s.s. útiveru, hreyfingu, hollt mataræði og hreinlæti).<br><br>• Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir s.s. varðandi heilsusamlegan lífsstíl, talsmáta og hegðun.<br><br>• Börn og unglingar eiga greiðan aðgang að starfsfólki.<br><br>• Reglur eru skýrar og börnin og unglingarnir þekkja þær.<br><br>• Starfsfólk er samtaka um að fylgja eftir reglum og viðmiðum í starfinu.<br><br>• Samskipti starfsfólks við börn og unglinga eru uppbyggileg og hvetjandi.<br><br>• Börn og unglingar fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum.<br><br>• Starfsfólk aðstoðar börn og unglinga í félagslegum samskiptum þegar á þarf að halda.<br><br>• Starfsfólk bregst við krefjandi hegðun á uppbyggjandi hátt. |
| | |